




Kvosin, vistgötur

Lagt er til skipulags- og samgönguráð samþykki að eftirfarandi götur í Kvosinni verði gerðar að vistgötum:

- Aðalstræti
- Grófin
- Naustin norðan Tryggvagötu
- Tryggvagata milli Lækjargötu og Grófarinnar
- Vesturgata milli Grófarinnar og Mjóstrætis



og að bílastæði við Aðalstræti 9 verði sérstaklega merkt hreyfihömluðum.

Mynd 1 – Götur í Kvosinni sem lagt er til að verði gerðar að vistgötum

Ofangreind ráðstöfun sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Ofangreind tillaga er í samræmi við umferðarskipulag Kvosarinnar sem samþykkt var af skipulags- og samgönguráði 19. nóvember 2020. Þessi tillaga er því fyrsta skrefið í átt að þeirri framtíðarsýn. Hönnun gatnanna tekur mið af því að um vistgötur er að ræða. Aðalstræti, Grófin og Naustin hafa þegar yfirbragð vistgatna. Endurgerð Tryggvagötu eru í gangi og er áætlað að henni ljúki á næsta ári en hún tekur mið af því að um vistgötu sé að ræða. Auk þessara gatna eru götur sem þegar eru vistgötur í Kvosinni eftirtaldar: Vesturgata, Tryggvagata, Pósthússtræti auk gatna Grjótaþorpsins.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Ráðgjafaverkfræðingur



Mynd 2 – Núverandi vist- og göngugötur ásamt tillögu að nýjum vistgötum í Kvosinni.